



María Björk Ingvadóttir, framkvæmdastjóri
Félagsráðgjafafélags Íslands

Ávarp ritstjóra *almennra greina*

Kæru félagsráðgjafar!

Við erum stolt af að kynna nýtt útlit og uppsetningu *Tímarits félagsráðgjafa* sem birtist hér. Með nýju sniði og útliti blaðsins viljum við leggja áherslu á mikilvægi þess að miðla á aðgengilegan hátt þekkingu og fróðleik af ýmsum vettvangi félagsráðgjafar. Blaðið er prentað á umhverfisvænan pappír og því er dreift frítt til allra félagsmanna, 700 talsins, því við viljum tryggja að starf okkar, bæði í grasrótinni og innan akademíunnar, verði enn sýnilegra en áður. Allt er breytingum háð, einnig fag tímaritið sem að sjálf-sögðu er byggt á góðum og traustum grunni. Blaðið verður eftir sem áður aðgengilegt á vefnum.

Í þessu tölublaði ræðum við meðal annars við höfund forsíðumyndarinnar, Kristínu Bertu Guðnadóttur, félagsráðgjafa og listakonu, sem veitir innsýn í það hvernig hún fléttar saman list og fag. Við kynnumst einnig nýjum

framkvæmdastjóra BHM, félagsráðgjafanum Björgu Kjartansdóttur, og fáum yfirlit um kennslu og nám í Félagsráðgjafardeildinni frá Hervöru Ölmú Árnadóttur. Í viðtölum, pistlum af vettvangi og í almennum greinum er fjallað um gervigreind og notkun hennar í félagsráðgjöf, skoðað hvernig gervigreind hefur áhrif á menntun og nám og kastljósinu er beint að því hvernig félagsráðgjafar geta nýtt sér gervigreind til hagsbóta í vinnu sinni. Hvaða möguleikar felast í nýrri tækni, er hún ógn við fagið, verða félagsráðgjafar óþarfir eða felast í henni stórkostleg tækifæri til að einbeita sér að því sem tæknin getur ekki gert?

Tímaritinu er og hefur verið ætlað það hlutverk að miðla fróðleik og skiptir miklu að láta hann flæða út í samfélagið, bæði til félagsráðgjafa en einnig til þess að fræða almenning, annað fagfólk og stjórnmalafólk. Við hvetjum alla félagsráðgjafa, nýja sem

eldri, til að deila fróðleiknum, hugsa út fyrir kassann, leita nýrra leiða til að leysa verkefnin, efla nýsköpun og um leið eigin sköpunarkraft.

Við ætlum okkur að efla sýnileika félagsráðgjafar. Öflugt faglegt starf þarf að vera sýnilegt – það er ekki bara lífsnauðsynlegt fyrir okkar fag, heldur fyrir samfélagið allt.

Um leið og ég þakka þeim sem komu að útgáfu blaðsins, fjölmörgum greinahöfundum, viðmælendum, prófarkalesara og gagnrýnum augum fyrir yfirlestur, vil ég hvetja ykkur öll til að deila greinunum, skapa umræður sem víðast og efla þannig félagsráðgjöf til nýrra afreka.

Með kveðju,
María Björk Ingvadóttir,
framkvæmdastjóri
Félagsráðgjafafélags Íslands